

## Farið á sýningar með Hannesi



Við mælum með



**Ásgerði Búadóttir** er sýnir úrval verka sinna í Listasafni Íslands. „Heilsteypasta og þokkafyllsta sýning á klassískri abstraktlist sem hér hefur sést í langan tíma.“

### Opnanir

**Edda Jónsdóttir** grafíklistakona opnar sýningu í gallerí Sævars Karls á morgun, föstudag.

**Rúna** (Sigrún Guðjónsdóttir) opnar sýningu á myndum unnar á japanskan pappír með akrýl og olíukrít í Gallerí Umbru á fimmtudag.

### Aðrar sýningar

**Anna Sigríður Sigurjónsdóttir** myndhöggvari opnar sýningu í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs, á laugardag. Það sýnir myndverk unnin úr íslensku grjóti og stáli.

**Bjarni H. Þórarinnsson** sýnir Vísilist í Nýlistasafninu.

**Ingimar Ólafsson Waage** sem numið hefur við Lyon í Frakklandi opnar sýningu á eigin málverkum og teikningum í Gallerí Greip á laugardag.

**Erla Þórarinsdóttir** og **Andrew Mark McKenzie** sýna hljóðmyndir í Gerðubergi.

**Erró** á Kjarvalsstöðum.

**Hringur Jóhannesson** í Listasafni ASÍ og í Gallerí Fold Lauga-vegi.

**Birgir Snæbjörn Birgisson** sýnir í Listhúsinu Þingi, Akureyri.

**Árni Sigurðsson** í Listasafni Akureyrar.

**Bjarni Hinriksson** sýnir teiknimyndir í Gallerí Greip. Lýkur á morgun.

**Alda Ármanna Sveinsdóttir** sýnir í Sparisjóði Garðabæjar.

**Elisabet Jökulsdóttir** á Mokka.

**Kristján Steingrímur Jónsson** enn í gallerí Birgis Andréssonar.

**Samsýning fjögurra listakvenna** í Gallerí Art-hún.

**Íslenska einsöngslagið** í Gerðubergi.

**Ólöf Nordal** sýnir Sjálfsmyndir í Gerðubergi.

**Þorgerður Hlökkversdóttir** sýnir pappírsmýndverk í Stöðlakoti.

**Samýning sjö listamanna** í Hafnarborg.

**Ástríður H. Andersen** sýnir málverk í Menningarstofnun Bandaríkjanna.

**Þórdís Alda Sigurðardóttir** sýnir skúlptúr í kjallara Norræna hússins.

**Roland Thomsen** sýnir ljósmyndir frá Austur-Grænlandi í Norræna húsinu.

## Enska knattspyrnan

Ég er að verða vitlaus á manninum mínum og þessu endalausni glápi hans á ensku knattspyrnu í sjónvarpinu. Hann situr þarna í stólnum eins og klessa og heyrir ekkert né sér í heila tvo klukkutíma á meðan þessi grey á skjánum eru að sparka boltanum á milli sín. Og í raun á þetta við um allar íþróttir.

Hann glápir á golf, ísknattleik, körfubolta, kappakstur, torfæru og hvað þetta nú heitir. Það er helst ef sýnt er frá íþróttamótum fatlaðara eða kvenna að hann missir áhugann. Þetta er nefnilega fordómafullt í ofanálag. Hvað á ég að gera? **Ráðvilt húsmóðir í Selja-hverfi**

Byrjaðu á því að taka því rólega. Farðu síðan að safna fimleikum, kvennaknattspyrnu og sundmótum fatlaðra á vídeókasettu. Þegar þú átt orðið þriggja til fjögurra tíma efni skaltu setja spóluna í tækið og spila hana á hverjum laugardegi klukkan tvö þegar karlinn sest fyrir framan sjónvarpið. Á endanum mun

hann missa áhuga á íþrótaefni í sjónvarpinu, tuða eitthvað um frekju kvenna og fatlaðra en á endanum snúa sér að einhverju öðru.

**Fjóla**



Skrifið frú Fjólu: Utanaskriftin er: Frú Fjóla Vesturgötu 2, 101 Reykjavík

## Útgáfutónleikar Björns Jörundar í Tunglinu í kvöld

# Prinsipp að nota engan Nýdanskan

**Björn Jörundur Friðbjörnsson** gaf nýverið frá sér sína fyrstu sólóplötu sem komin er í verslanir og Björn hefur þegar haldið útgáfuteiti. Nú er komið að útgáfutónleikum og Björn hefur púslað saman hljómsveit til að flytja tónlistina. Hljómsveitin er skipuð þekktum og minna þekktum tónlistarmönnum í bland og er fyrirhugað að hún haldi áfram eftir útgáfukonsertinn. **Guðmundur Pétursson** spilar á gítar, **Birgir Baldursson** á trommur, **Þórir Viðar** leikur á bassa og **Ástvaldur Traustason** á hljómborð. Sjálfur foringinn syngur og leikur á stoðgítar. Þessir menn voru ekki með á plötunni, enda segir Björn Jörundur að bransinn sé í hálfgerðri upplausn og hann búinn að fara í marga hringi áður en hann náði lendingu með þessari hljómsveitarskipan. Þó hefur honum tekist að halda í það prinsipp sitt að notast ekki við neinn féлага sinna úr Nýdönskum.

„Það ríkir hálfgerð upplausnarastand,“ segir Björn Jörundur og er ómyrkur í máli. „Menn eru hlaupandi út um allar jarðir í ihlaupavinnu. Þetta hefur verið þróunin undangengin 2–4 ár, menn hafa verið að spila fyrir svo til ekki neitt sem gerir það að verkum að hljómsveitir stökast í sífellu upp. Atvinnumennirnir eru allir í einhverjum hálfkáksvinum sem gerðar eru með hangandi hendi. Þeir eru svona fimmtán prósent í þessu og hinu og ekki hægt að negla þá í eitt né neitt.“

Björn segir kostinn hins vegar þann að það sé hægt að fá menn út í nánast hvaða vitleysu sem er eins og til dæmis tilraunamennsku í hártísku, en þetta er útúrdúr. Tón-

leikahald á undir högg að sækja.

„Ef það eru tónleikar einhvers staðar þá spyr fólk: „Kostar eitthvað inn?“ Þetta sama fólk borgar þúsundkall inn á diskótek án þess að hugsa sig um. Oft virðist sem eina leiðin til að fá fólk á staðinn sé að gefa því áfengi og borga fyrir það inn. Þetta hefur eðlilega skaðræðis afleiðingar á bransann.“

Björn Jörundur er ekki par ánægður með bransann eins og hann er orðinn en ætlar þó að telja í eins og ekkert sé enda þýðir ekkert að bora í nefið og horfa á þetta sigla í strand. Upphitunarnúmer verða hljómsveitirnar Neol Einsteiger og Olympia með **Sigurjón Kjartansson** í broddi fylkingar.

JBG

**Guðmundur Pétursson, Birgir Baldursson, B.J.F og Þórir Viðar. Á myndina vantar Ástvald Traustason. Enn hefur hljómsveitin ekki fengið neitt nafn en tillögunni Sláttuvélin er hér með komið á framfæri.**



Pósturinn/Jim Smart

**Sigríður Anna Sigurðardóttir gullsmiður um myndina af sjálfri sér** Þetta er svolítil hómoristi sýnist mér. Hún virðist svolítið þreytuleg, en brosir samt, eins og hún eigi eitthvað skemmtilegt í vándum. Þetta getur ábyggilega verið stórhættuleg kona, sérstaklega með pinsettuna svona á lofti, hún er tilbúin að krækja í hvað sem fyrir verður. Það býr eitthvað undir þessu brosi meira en gleðin ein. Það er eitthvað ráðabrigg í gangi, hún er ekki alveg öll þar sem hún er séð. Ég held ég myndi vera vör um mig þegar einhver brosir svona til mín. Þetta er líka fjölhæf kona. En hún getur ekki alveg ákveðið sig hvort hún á að vera hippi eða prinsessa eða kannski eitthvað allt annað, eins og skartgripir hennar koma upp um. Það mætti jafnvel halda að hún væri að fara í framboð, ef maður miðar við greiðsluna og hálsklútinn. Hún veit samt nákvæmlega hvað hún er að gera, svona yfirleitt, er svolítil nákvæm og ekkert fyrir að eyða tímanum í vitleysu. Henni líður greinilega vel þar sem hún er og þekkir vel til, virðist hafa yfirsýn yfir hvern smáhlut í kringum sig. Og mér sýnist þetta vera ákaflega góð kona — en kannski svolítið stríðin.

## Portrett

Bókmenntir og draumabókmenntir er undirtitill nýs tímarits sem nú þegar hefur haft göngu sína. Þetta tímarit hefur fengið nafnið Andblær. Fimmtán höfundar eiga efni í tímaritinu sem byggist meðal annars á sögum, ljóðum, grein um draumörð og draumasetningum og draumabókmenntum, en það eru bókmenntir skrifaðar eftir draumum. Höfundarnir draumabókmenntanna eru **Snorri Már Sigfússon, Steinunn Ásmundsdóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir** og **Bjarni Bjarnason**, en meðal höfunda annarra verka í ritinu eru **Ágúst Borgþór Sverrisson**, sem meðal annars hefur staðið fyrir ljóðauppákomum í Norræna húsinu og **Ólafur Haraldsson** bókmenntagagnrýnandi.

Útgáfufyrirtækið Andblær gerir meira en að gefa út bókmenntatímarit því fyrir skömmu sendi félagið frá sér nýja bók eftir **Bjarna Bjarnason**. Vísland heitir verkið og er undirliggjandi stef í henni fyrirmyndarikið. Í henni er að finna bæði ljóð, smásögur, skáldsögu, leiktexta og ritgerðir.